



Hjallastefnan

Starfsáætlun

Barnaskólinn í Garðabæ

Skólaárið 2023 - 2024

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Hagnýtar upplýsingar	4
Skólahúsnaðið	4
Aðgengi og aðkoma að skóla	4
Forföll nemenda	5
Leyfi frá skóla	5
Skólareglur	5
Mötuneyti	6
Frístund	6
Skólabíll	6
Frístundabíll	6
Óskilamunir	6
Ábyrgð á persónulegum eigum nemenda	6
Tryggingar	6
Öryggi nemenda og áætlanir	7
Rýmingaráætlun	7
Áfallaáætlun	7
Forvarnarstefna	8
Jafnréttisáætlun	9
Umhverfisáætlun skólans	9
Stjórnun skólans og starfsfólk	10
Stjórnendateymi skólans	10
Skólaráð	10
Starfsfólk Barnaskólans	10
Trúnaðarmaður starfsfólks	10
Mannauðsstefna	11
Móttaka nýs starfsfólks	11
Skólaárið og skóladagatal	11
Skóladagatal	11
Sérstakir dagar	11
Skóladagur nemenda	13
Hjallastefnan	14
Meginreglur Hjallastefnunnar	14
Aðalnámskrá grunnskóla og kynjanámskrá Hjallastefnunnar	15
Nemendur	17
Kennsluhættir	18
Áherslur á 5 ára kjarna	18
Áherslur á 6 – 11 ára kjarna	18
Blöndun	18
Leiðtogar	19
Heimanám	19
Námsvísar – kennsluáætlanir	19

Stoðþjónusta og nemendavernd	19
Sérkennsla	19
Námsver	20
Sálfræðiþjónusta	20
Námsráðgjöf	20
Talkennsla	20
Túlkþjónusta	21
Nemendaverndarráð	21
Skólaheilsugæsla	21
Fjölskyldur	21
Miðlun upplýsinga til foreldra	22
Foreldrafélag	22
Kjarnakvöld	23
Afmælis dagar	23
Mat á skólastarfi og skólaþróun	23
Innra mat skólans	23
Ytra mat skólans	24
Símenntunaráætlun	24
Skólaþróun	25

Inngangur

Samkvæmt 29 gr. grunnskólalaga ber hverjum grunnskóla að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Starfsáætlun Barnaskólans 2023-2024 er upplýsingarit um starfsemi skólans á skólaárinu. Hér er að finna yfirlit yfir helstu viðburði, umfjöllun um áherslur og markmið í skólastarfinu sem og hagnýtar upplýsingar. Nánari útlistun má sjá á heimasíðu skólans bskgbr@hjalli.is

Starf Barnaskólans byggir á kynjanámskrá Hjallastefnunnar og meginreglum, Aðalnámskrá grunnskóla og lögum um grunnskóla. Kennsluhættir Barnaskólans eru einstaklingsmiðaðir þar sem markmiðið er að haga ytra umhverfi þannig að hvert barn njóti sín á eigin forsendum og því bjóðist sá fjölbreytileiki sem æskilegur er í námsumhverfi barna. Námsárangur er samofinn góðri líðan og í öllu starfi skólans er lögð áhersla á þessa tvo þætti jöfnum höndum til að stuðla að vexti og þroska allra barna, í samvinnu við foreldra.

Hagnýtar upplýsingar

Barnaskólinn í Garðabæ

Vífilsstaðavegur 123, 210 Garðabær

Símanúmer: 555-7710

Skólastýrur: Lovísa Lind Sigurjónsdóttir lovisalind@hjalli.is og Anna Margrét Ólafsdóttir annamolafs@hjalli.is

Netfang: barnaskolinngbr@hjalli.is

Heimasíða: [Barnaskólinn Vífilsstöðum \(hjalli.is\)](http://Barnaskólinn.Vífilsstöðum(hjalli.is))

Umsjónamaður fasteigna: Jón Jóhannsson s. 855-0717

Frístundarstýra er Edda Rósa Gunnarsdóttir sími: 555-7710

Skólahúsnæðið

Haustið 2023 hefur heldur rýmkað um börn og starfsfólk skólans þar sem nýtt færanlegt skólahúsnæði bættist við skólahúsnæðin okkar hér á lóðinni. Þar með erum við með þrjár starfsstöðvar sem kennt er í á torfunni, skólahúsnæði Barnaskólans þar sem 5 - 8 ára nemendur hafa aðsetur í sem og öll stoðþjónusta skólans starfar einnig við. Miðhús eru færanlegar kennslustofur sem komu haustið 2022 og þar eru miðstigsbörn með aðsetur og svo er það nýjasta viðbótin, Bjálki en þar munu 9 ára börn og kennarar dvelja í vetur. Fimm ára börn eru með tvo samliggjandi kjarna, sex ára börn eru með tvo samliggjandi kjarna og 7 8 ára börn eru með fjóra kjarna til umræða. Sérkennslurými skólans er upp á lofti en þar hafa fjórir kennarar aðsetur. Listakjarni er einnig upp á lofti en þar fer fram myndlistarkennsla ásamt annarri skapandi kennslu. Samverurými kennara sem og vinnuaðstaða er einnig upp á lofti í miðrymi skólans. Í skólanum er einn salur þar sem fram fer tónlistarkennsla, íþróttakennsla þegar veður er vont og aðrar uppákomur. Íþróttir fara fram útvið hér í kringum umhverfi skólans sem og í nýju fjölnota íþróttahúsnæði Miðgarði. Sundkennsla skólans fer fram allt skólaárið annars

vegar í Ásgarði, fyrir eldri nemendur skólans og hinsvegar í Sjálandssundlaug fyrir yngri nemendur.

Aðgengi og aðkoma að skólanum

Skólinn stendur við Vífilsstaðaveg 123. Inn í skólann er einn aðalinngangur sem nemendur, starfsfólk og aðrir ganga inn um. Skrifstofa skólans er á jarðhæð í austurálmum skólans. Miðhús og Bjálki eru færanlegar kennslustofur með sérinngangi hvert um sig. Bílastæði eru fyrir framan skólann og eru þau einnig fyrir fjölskyldur og starfsfólk á leikskólanum Hnoðraholti. Þeir sem koma akandi með börn sín í skólann eru beðnir um að nota sleppistæði við hringtorg og eru vinsamlegast beðnir um að leggja ekki bifreiðum við hringtorgið ef þeir eiga erindi í skólann heldur leggja í bílastæðin. Göngustígur að skólanum er ekki ennþá upplýstur og þess vegna hafa börn einungis hingað til hjólað að vori og hausti meðan vel bjart er á morgnana. Á þessu er hinsvegar von á breytingum þar sem Garðabær hefur þegar lagt stíginn og því næst væntanlega von á lýsingu þar í gegn. Þetta mun breyta öllu fyrir okkar nemendur og fjölskyldur þeirra.

Forföll nemenda

Forráðamenn tilkynna forföll nemenda við upphaf skóladags á símsvara í síma 555-7710, með tölvupósti til kjarnakennara eða á barnaskolinngbr@hjalli.is

Leyfi frá skóla

Ef nemandi þarf að fá leyfi skal haft samband við viðkomandi kjarnakennara, en sé um lengri tíma að ræða en þrjú daga skal sækja um það hjá skólastýru. Einnig er hægt að sækja um leyfi með tölvupósti á netfang skólans. Það er á ábyrgð foreldra/forráðamanna að sjá til þess að nemendur vinni upp þar sem þarf ef þeir fara í langt leyfi.

Skólareglur

Skólareglur varða allt skólasamfélagið, þ.e. starfsfólk skólans og stjórn hans, nemendur og forráðamenn. Skólareglur Barnaskólans eru fólgnar í meginreglum og kynjanámskrá Hjallastefnunnar þar sem virðing og samvinna eru meginstefin.

Barnaskólinn skiptir starfi sínu upp í lotur. Fyrsta lotan er agalota og eru lotulyklar hennar virðing, hegðun, kurteisi og framkoma. Löngum er haft á orði að þetta sé mikilvægasta lotan í þeim skilningi að hún er nauðsynlegur undanfari alls annars í námsskránni okkar og jafnvel öllu skólastarfinu. Börnin þurfa að læra á umhverfi sitt, helstu hegðunarreglur og læra góðan samskiptamáta við önnur börn til þess að starf vetrarins geti verið farsælt, árangursríkt og ánægjulegt. Langstærstur hluti þess aga sem Hjallastefnan viðhefur í skólum sínum er fyrirbyggjandi. Til dæmis eru R – reglurnar í hávegum hafðar í Hjallastefnustarfi. **Röð, regla og rúttína** og í fyrirrúmi á öllum sviðum. Þaulhugsuð dagskrá og einfaldleiki í öllu skipulagi. Þjálfun í kurteisi og mannsiðum, æfing í að heilsast og kveðjast, borðsiðir og umgengni í fataklefa eru raunveruleikatengd verkefni í þessari lotu. Framkomuhæfni í kynjablöndun þarf að æfa sérstaklega og tölum við gjarnan um hegðunarfræði.

Hjallastefnan byggir á því að gengið sé um nánasta umhverfið af virðingu þar sem virðing fyrir einstaklingum er í hávegum höfð. Lögð er áhersla á háttvísi og kurteisi með markvissum agaæfingum. Skólareglur eru einfaldar og fáar og settar í samvinnu við börnin sjálf við upphaf hvers skólaárs. Mæting barna er skráð af kennurum og sé

henni ábótavant er því fylgt eftir af kennara og/eða skólastýru. Kennari heldur utan um stundvísi barnahóps síns. Skólastýra kemur að máli þar sem á við og þegar þurfa þykir.

Í kynjanámskrá Hjallastefnunnar er kveðið á um hvernig börn skuli haga sér í skólastarfinu. Ekki eru viðurlög við brotum á þeim reglum önnur en þau að þá er börnum leiðbeint og þeim kennt að æfa æskilega hegðun. Ef ekki gengur að aðstoða barn í skólastarfinu er haft samband við foreldra og þeim gert viðvart um hegðun. Unnið er í sameiningu að bættri hegðun. Lagt er upp með skýr skilaboð og einfaldar samskiptareglur. <https://www.hjalli.is/meginreglur/> <https://www.hjalli.is/kynjanamskra/>

Nemendur klæðast skólafötum í skólanum.

Við berum virðingu fyrir okkur sjálfum og öðrum.

Við berum virðingu fyrir og hugum að umhverfi okkar.

Mötuneyti

Barnaskólinn leggur metnað sinn í að maturinn sem börnin fá í skólanum sé eins heilsusamlegur og kostur er. Boðið er upp á morgunmat, ávaxtahressingu um miðjan morgun, hádegisverð og nónhressingu. Skólinn er búinn fullbúnu móttökueldhúsi en maturinn er framleiddur í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði og því stýrir Sigurjón Ívarsson. Matseðill vikunnar er birtur á heimasíðu skólans. Allur matur er borðaður inni á kjörnum og í hádeginu kemur vagn með hádegisverði inn á kjarnana og borðar hver kennari með sínum hópi.

Frístund

Síðdegisstarf er í boði fyrir öll börn eftir að kennslu er lokið kl. 14:15 hjá 6-9 ára börnum og 14:30 hjá 10-12 ára börnum. Síðdegisstarfið er valkostur sem foreldrar velja fyrir barn sitt og greiða fyrir. Börn fá nónhressingu um kl. 14:30.

Í Frístund er boðið upp á vandaða en létt dagskrá, föndur og skapandi starf á listasvæði, lestur og notalegheit á opnu svæði og leiki og útiveru alltaf þegar veður leyfir. Skráð er í frístund í gegnum skráningarkerfið Vala.is og fara allar breytingar fram þar í gegn. Edda Rósa stýrir frístundaskútunni að mikilli snilld og hafa foreldrar samband við hana í gegnum tölvupóst ef þeir þurfa að koma skilaboðum áleiðis fristundgbr@hjalli.is eða eddarosa@hjalli.is

Frístundabíll

Frístundabíll Garðabæjar ekur hingað uppeftir til okkar eins og undanfarna vetur, sjá nánar á vef Garðabæjar:

<https://www.gardabaer.is/ibuar/ithrotta-og-tomstundastarf/fristundabill/>

Óskilamunir

Á hverju ári verður eftir töluverður fjöldi óskilamuna. Foreldrum og nemendum er bent á að hafa samband við starfsfólk skólans ef eigur tynast. Sá fatnaður sem ekki hefur verið sóttur í lok skólaárs er gefinn til hjálparstofnana.

Ábyrgð á persónulegum eigum nemenda

Skólinn tekur ekki ábyrgð á persónulegum eigum nemenda, nema hægt sé að rekja það til starfsfólks eða vanbúnaðar skólahúsnæðis. Því eru foreldrar/forráðamenn

beðnir um að gæta þess að börnin taki ekki með sér verðmæti eða óþarfa hluti í skólann. Skólinn hvetur foreldra/forráðamenn til að merkja vel allan fatnað og eigur.

Tryggingar

Öll skólabörn hjá Hjallastefnunni eru tryggð hjá VÍS hvort sem það eru líf-, örorku- eða slysatryggingar á meðan þau eru á ábyrgð skóla á skólatímum s.s. á skólalóð eða í ferðum á vegum skólans. Gera þarf skýrslu um þau óhöpp sem upp kunna að koma og senda VÍS til varðveislu. Foreldrum er bent á að senda reikninga sem verða til vegna slysa til VÍS sem sér um að greiða sjúkrakostnað enda skýrslan í þeirra höndum.

Öryggi nemenda og áætlanir

Þegar vá steðjar að vegna utan að komandi þátta, s.s. heimsfaraldra, óveðurs, eða náttúruhamfara er unnið samkvæmt áætlun almannavarna.

Áætlunin er aðgengileg á vef skólans. Hver skóli gerir eigin áætlanir og verkferla um ýmislegt er varðar öryggi nemenda, sjá nánar á vef skólans. Ef foreldrar eru óvissir um skólastarf af einhverjum ástæðum er sjálfsagt að hafa samband og leita einnig eftir upplýsingum á heimasíðu skólans. Við fylgjum ráðleggingum frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins enda er því falið að fylgjast með veðri og senda út tilkynningar ef á þarf að halda. Um ábyrgð foreldra og forráðamanna segir:

Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn fylgist sjálfir með fréttum og veðri, veðurspám og öðrum upplýsingum sem gætu haft áhrif á skóla- og frístundastarf barnanna og hegði sér í samræmi við aðstæður hverju sinni. Aðstæður geta þróast með ófyrirséðum hætti og verið mismunandi eftir svæðum. Skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar eru opnar nema annað sé tilkynnt. Í upphafi skóladags getur mönnun skóla verið takmörkuð og geta foreldrar þá búist við því að starfsfólk leiti liðsinnis þeirra. Foreldrar eru hvattir til að taka slíkum óskum vel.

Rýmingaráætlun

Rýmingaráætlun er í gildi og hangir upp í öllum rýmum skólans. Áætlunin er kynnt árlega af öryggisfulltrúa skólans og haldin rýmingaræfing. Í kjölfar æfingar er áætlunin endurmetin og breytingar gerðar ef þarf.

Áfallaáætlun

Í Aðalnámskrá grunnskóla segir að eitt af skilgreindum hlutverkum grunnskólans sé að gæta þess að nemendum líði vel, andlega, líkamlega og félagslega. Það er því augljóst að rétt viðbrögð við áföllum eru nauðsynleg.

Í skólanum er starfrækt áfallaráð.

Hlutverk þess er:

- að fara með verkstjórn þegar sorgaratburðir, válegir atburðir eða alvarleg áföll verða meðal nemenda og/eða starfsfólks innan skólans eða í tengslum við hann.
- að standa að fræðslu fyrir starfsfólk skólans um viðbrögð barna við áföllum (þó ekki í tengslum við sorgaratburði).

- að hvetja kennara til að fjalla um dauðann/áföll/missi í kennslu sinni án sérstaks tilefnis.
- að sjá til þess að foreldrum sé bent á það á hverju hausti að skólinn vill vita ef breytingar verða á heimilishögum nemenda, s.s. alvarleg veikindi, skilnaður og eða dauðsfall.

Í áfallaráði eru skólastýra, kennari í námsveri og sóknarprestur. Taka þarf tillit til þess, að hugsanlega vill sá aðili sem sorgaratburður snertir náði, ekki íhlutun prests. **Skólastýra er aðalstjórnandi viðbragðsferils. Hún aflar upplýsinga, staðfestir og veitir þær. Ef kennari eða annar starfsmaður fréttir af áfalli í tengslum við skólann kemur hann upplýsingum til skólastýru.**

Börn

Ef viðkomandi sem fyrstur fær fréttir af alvarlegum atburði sem tengist barni í skólanum er ekki kennari barns skal viðkomandi hafa samband við skólastýru sem tekur málið áfram og hefur samband við viðkomandi kennara. Kennari og skólastýra vinna saman að því að vera í sambandi við aðstandendur hvort heldur sem á við að láta foreldri vita af alvarlegum atburði sem átt hefur sér stað í skólanum eða til þess að fá frekari fréttir frá foreldri vegna atburðar. Skólastýra hefur samband við prest sem situr í áfallaráði ef eftir því er óskað af foreldri/forráðarmanni eða kennara. Skólastýra kallar saman áfallaráð skólans sem fer yfir atburð og ákveður næstu skref um hvernig best sé að vinna úr áfalli með barnahópnum og kennara.

Starfsfólk

Ef viðkomandi sem fær fréttir af alvarlegum atburði sem tengist starfsmanni skólans er ekki skólastjóri skal viðkomandi setja sig fyrst í samband við skólastýru. Skólastýra hefur beint samband við starfsmann eða nánasta aðstanda hans. Skólastýra hefur samband við prest sem situr í áfallaráði ef eftir því er óskað. Skólastýra kallar saman áfallaráð skólans sem fer yfir atburð og ákveður næstu skref um hvernig best sé að vinna úr áfalli með starfsmannahópnum annars vegar og barnahópi viðkomandi starfsmanns hins vegar.

Forvarnarstefna

Forvarnarstefna Barnaskólans í Garðabæ felur í sér að fara ætíð eftir meginreglu eitt sem snýr að börnum. Alltaf skal hafa gætur á hverju einasta barni. Hlutverk starfsfólks er að búa hverju barni þau skilyrði að því líði alltaf sem allra best í skólanum, finni til trausts, virðingar, réttlætis og umhyggju í sinn garð. Með fámennum nemendahópum hvers kennara gefst aukið svigrúm til að fylgja eftir líðan barns og nánari tengsl kennara og barns myndast.

Það er skilyrðislaust hlutverk hvers starfsmanns við skólann að setja barn alltaf í forgang í daglegum störfum samkvæmt meginreglu eitt í starfsháttum Hjallastefnunnar.

Markvisst er unnið af forvörnum í víðum skilningi og börnin læra sjálfstæða hugsun og að bera ábyrgð á eigin hegðun. Þannig er stuðlað að góðri sjálfsmynd. Hóparnir í Barnaskólanum eru fámennir og því mikið tækifæri til að byggja upp góð og jákvæð samskipti, virðingu, heilbrigðan og góðan félagsþroska. Ef börnin ruglast í sinni hegðun, er strax beðist afsökunar og síðan haldið áfram með það að leiðarljósi, við gerum betur næst.

Öll þessi uppbyggingarvinna nýtist börnunum vel og byggir upp góðar stoðir sem nýtast sem forvarnir fyrir óábyrgum ákvörðunum eins og t.d. er varða neyslu. Forvarnir eru helst á sviði, jafnréttis, mannréttinda, kynheilbrigðis og velferðar. Á 10 - 12 ára kjörnum er sérstök fræðsla um netnotkun og sérfræðingur um tölvunotkun kemur í heimsókn til að fræða börnin. Forvarnir eru gegn notkun áfengis og annarra fíkniefna.

Jafnréttisáætlun

Jafnréttisnámskrá Hjallastefnunnar byggir m.a. á eftirfarandi þáttum: samskipti, vinátta og félagsleg færni, sjálfsstjórn og sjálfstæði svo og lýðræði og jafnrétti, sem metnir eru að verðleikum til jafns á við aðrar hefðbundnar námsgreinar Aðalnámskrár grunnskóla.

Þannig er öll kennsla bundin við markmið og leiðir kynjanámskrár Hjallastefnunnar þar sem ofangreindir þættir eru skilgreindir samkvæmt þörfum bæði stúlkna og drengja.

Markvisst er starfað að því að bæði kyn fái notið sín á eigin forsendum. Með kynjanámskránni er í fyrsta lagi beitt kynjaskiptingu stærstan hluta dagsins til að tryggja báðum kynjum réttláta kennslu, athygli, hvatningu og rými og einnig til að bæði stúlkur og drengir geti ótrufluð æft bæði eiginleika og færni sem í kynjablönduðu skólastarfi er venjulega einokað af öðru kyninu. Í öðru lagi er lagt upp úr að meta jákvæða þætti í menningu beggja kynja og auðga reynslu þeirra til að sporna gegn þeim veikleikum bæði stúlkna- og drengjamenningar sem birtist þegar kynjameningin verður of einhliða. Í þriðja lagi er beitt svonefndri uppbotarvinnu til að styrkja bæði stúlkur og drengi á þeim sviðum sem hafa verið vanrækt vegna kynferðis þeirra. Þannig þarfnast stúlkur sérstakrar styrkingar og þjálfunar á sviði einstaklingseiginleika og má þar nefna sjálfstæði, jákvæðni, kjark og frumkvæði. Drengir þarfnast hins vegar styrkingar og meiri þjálfunar en þeir venjulega fá á sviði félagslegrar hæfni og ber þar hæst hegðunarkennsla, samstöðuæfingar t.d. gegn einelti og þjálfun í vináttu og nálægð. Bæði kyn fá þó vitaskuld bæði einstaklings- og félagsþjálfun en í mismiklu magni og á ólíkum forsendum eftir þörfum hvors kyns fyrir sig. Markmið kynjanámskrár Hjallastefnunnar er því að veita öllum börnum aðgang og þjálfun að öllum sammannlegum eiginleikum – óháð kynferði.

Umhverfisáætlun skólans

Í skólasöng Barnaskóla Hjallastefnunnar er fjallað um áhersluna á umhverfið og umhverfisvitund en þar segir meðal annars:

Á oddinn við umhverfið setjum
og ætlum að standa þar vörð.
Já, alla við eindregið hvetjum,
til umhyggju við þessa jörð.

Börnin eru frædd um umhverfisvernd og sjálfbærni. Þau eru hvött til að ganga snyrtilega um umhverfi sitt, þau fara reglulega út og tína rusl, þau ganga ekki á útiskóm inni í skólastofunum og læra að taka til eftir sig. Flokkun úrgangs er viðhöfð í skólanum og læra börnin hvernig hin ýmsu efni flokkast og flokkunarílát eru sýnileg.

Börnin læra að endurnýta hluti og handverkskennslan byggist mikið á því að skapa umhverfisvitund hjá börnunum. Í skólanum eru notaðar sparperur og börnin læra að slökkva ljós í rýmum sem ekki eru í notkun hverju sinni. Við innkaup er leitast eftir að kaupa umhverfisvænar vörur og endurnýtanlegar. Átak hefur verið gert í matarsóun og börnin læra á persónulegar skammtastærðir og að klára sinn mat.

Stjórnun skólans og starfsfólk

Stjórnendateymi skólans

Skólastýrur skólans eru Lovísa Lind Sigurjónsdóttir og Anna Margrét Ólafsdóttir en þær veita skólanum forstöðu og bera ábyrgð gagnvart sveitarstjórn ásamt því að veita skólanum faglega forystu. Skólastýrur starfar í nánu samstarfi við framkvæmdastjóra Hjallastefnunnar Ölmú Guðmundsdóttur og Bóas Hallgrímsson og Margréti Pálu Ólafsdóttur, stjórnarformann Hjallastefnunnar.

Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð (skv. lögum nr. 91, 8. gr.) sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endaleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

Skólaráð er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúm kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastýru sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastýra boða til sameiginlegs fundar skólaráðs að lágmarki einu sinni á ári. Starfsáætlun og fundargerðir skólaráðs er að finna á: [Skólaráð \(hjalli.is\)](http://skolarad.hjalli.is)

Skólaárið 2023 - 2024 sitja eftirtaldir í skólaráði:

Fulltrúar foreldra: Bryndís Hrönn Gunnarsdóttir og Sigríður Ósk Björnsdóttir

Fulltrúi grenndarsamfélags: Ragnildur Ólafsdóttir

Fulltrúar kennara : Dóra Margrét Bjarnadóttir og Sturla D. Þorsteinsson

Fulltrúi annarra starfsmanna: Edda Rósa Gunnarsdóttir

Fulltrúi nemenda: 11 ára börn

Skólastýra: Lovísa Lind Sigurjónsdóttir og Anna Margrét Ólafsdóttir

Starfsfólk Barnaskólans

Við skólann starfa 32 starfsmenn þar af eru um 18 kennarar og 12 aðrir starfsmenn, m.a. í stuðningi við nemendur, frístundastarfi, matreiðslu og umsjón með

skólahúsnæði Lista yfir starfsfólk og starfsheiti má finna á vef skólans: <http://bskgbr.hjalli.is>

Trúnaðarmaður starfsfólks

Trúnaðarmanneskja starfsfólks er Eva Lind Ingadóttir.

Mannauðsstefna

Meginregla tvö í hugmyndafræði Hjallastefnunnar er í hnotskurn mannauðsstefna skólans, þar sem áherslan er á jákvæðni, gleði og kærleika. Það felur í sér að í skólanum er stuðlað að því að þau öfl séu ríkjandi í samskiptum starfsfólks svo og í öllum samskiptum við börn og foreldra. Mannauðsstefna Hjallastefnunnar felur í sér að skólinn sé vinnustaður með metnaðarfullt og hæfileikaríkt fólk í starfi sem brennur fyrir þeirri hugsjón sem skólinn stendur fyrir. Í skólanum er lögð áhersla á góðan starfsanda og að starfsfólk hlakki til að mæta í vinnuna, að þar ríki góð skólamenning og þar ríki starfsgleði.

Markmið mannauðsstefnu er að starfsumhverfi einkennist af fagmennsku og virðingu og vinnuveitendur leggi sig fram um að koma fram við alla í jafnræði og kærleika

Móttaka nýs starfsfólks

Áður en nýr starfsmaður hefur störf við skólann er honum boðið í heimsókn þar sem hann fær kynningu á starfi og vinnuramma. Þá er farið yfir grunnþætti Hjallastefnunnar og uppbyggingu skólastarfsins. Það er mikilvægt að starfsfólk fái góða kynningu á starfinu þar sem Hjallastefnan er frábrugðin hefðbundnu skólastarfi á margan hátt. Að hausti sækir nýtt starfsfólk nýliðanámskeið Hjallastefnunnar. Boðið er upp á reglulega upprifjun og fræðsla er í kynjanámskrá og grunnþáttum Hjallastefnunnar yfir skólaárið. Farið er í orðfæri Hjallastefnunnar, áhersluna á kærleika og virðingu í skólastarfinu og hvernig best sé að höfða til barna. Kennurum er síðan boðið reglulega upp á handleiðslu og endurmenntun í hugmyndafræðinni.

Skólaárið og skóladagatal

Skóladagatal

Samkvæmt [skóladagatali](#) skólaársins 2023 – 2024 eru skóladagar nemenda 180. Kennsla fellur niður í jólaeyfi nemenda sem er frá 21. desember til 3. janúar. Vetrarleyfi er 19. febrúar til og með 22. febrúar og páskaleyfi er 25. mars til og með 1. apríl. Einnig fellur kennsla niður vegna fimm skipulagsdaga kennara á skólaárinu, þ.e. 13. október, 27. október, 17. janúar 23. febrúar og 21. maí.

Foreldrasamtalsdagur er 28. október og 2. febrúar það eru einu skertu dagarnir í Barnaskólanum.

Sérstakir dagar

Ýmsar hefðir hafa skapast í skólanum sem auðga og styrkja skólastarfið okkar. Suma nefnum við hér og þá má sjá á skóladagatali. Einnig bjóðum við foreldrum oft að koma og sjá hvað börnin hafa verið að gera, þau kynna verkefni, flytja tónlist svo fátt eitt sé nefnt.

Haustönn 2023

23. ágúst

Skólasetning Barnaskólans. Skólastýrur buðu alla foreldra og börn velkomin og hélt stutta tölu að henni lokinni hófst hefðbundin kennsla og kennt var samkvæmt stundaskrá.

21 og 22. september

Fjölskyldumorgun / opinn hópatími /

13. október

Ráðstefna starfsfólks Hjallastefnunnar

26. október

Foreldraviðtöl

7. desember

Fjölskyldumorgun – farið með epli út í skóg, piparkökur og heitt kakó.

13. – 16. desember

Menningarferðir. Farið er í heimsókn á söfn og eða aðra merka staði.

18. desember

Jólaleikrit. Árleg jólahefð hefur skapast síðustu ár fyrir því að Þórdís Arnljótsdóttir sýni leikrit um gömlu jólasveinana og Grýlu.

20. desember

Jólasöngfundur. Við syngjum jólasöngva á sal skólans og tónlistarfólk kemur og spilar undir. Við eigum notalega stund saman og snæðum jólamat í hádeginu.

Vorönn 2024

5. janúar

Sparifatadagur, allir mæta í sínu sparifötum og við kveðjum jólin.

19. janúar

Fjölskyldumorgunn – spil, tafl og morgunkaffi. Bóndadagur.

2. febrúar

Foreldraviðtöl

14. febrúar

Öskudagur – Á öskudag er búningadagur, óhefðbundinn skóladagur en þó ekki skertur. Börn syngja fyrir aðra kjarna og fá sælgæti sem skólinn gefur. Við setjum upp stöðvar t.a.m. draugahús, söngstöð, diskó o.fl.

19. – 22. febrúar

Vetrarfrí – opið í frístund og á 5 ára kjörnum

8. mars

Fjölskyldumorgunn. Alþjóðlegur baráttudagur kvenna.

25. mars – 1. apríl

Páskaleyfi – opið alla daga í dymbilviku á 5 ára kjörnum og í frístund.

22. – 24. maí

Vorferðir – Allir árgangar fara í vorferðir sem börn og fjölskyldur hafa safnað fyrir yfir veturinn. Ferðirnar eru skemmtilegar, styrkja vináttu, áræðni og sjálfstæði barna auk þess sem mikið nám á sér stað þar sem börnin fræðast um landið okkar og sögu þess. Allar vorferðirnar eru tengdar Íslendingasögum.

7. júní

Skólaslit. Að loknum kennsludegi eru skólaslit Barnaskólans og svo er vorhátíð foreldrafélagsins í beinu framhaldi af skólaslitum. Á vorhátíð koma börn og fjölskyldur saman og eiga góða stund. Þar eru t.d. grillaðar pylsur og margvísleg skemmtun er í boði fyrir börn og foreldra.

Skóladagur nemenda

Skólinn er opinn frá 7:45 – 17:00 alla daga. Áður en skólastarf hefst eru börn á kjörnum sínum í næðisstund og borða morgunmat. Skólastarf hefst kl. 8:45 hjá 6-9 ára börnum og því lýkur kl. 14:15. Börn á 10-12 ára kjarna eru með lengri skóladag en þeirra dagur hefst kl. 8:30 og lýkur 14:30. Þá tekur við síðdegisstarf í Frístund fyrir þau börn sem þar eru skráð.

Nemendur fá 60 mínútna valstund á miðjum morgni þar sem hver og einn velur á valfundi hvort frjálsum tíma er varið í útiveru eða inniveru á valsvæðum. Valstundir koma í stað hefðbundinna frímínútna sem eru ekki í Hjallastefnuskólum. Hádegishlé og næðisstund eru í 45 mínútur. Öll börn eru í mataráskrift og heitur matur er framreiddur inn á kjarna í ró og næði þar sem börn og kjarnakennarar snæða saman. Fram að áramótum fer íþróttakennsla að hluta til fram utandyra á skólalóð en einnig eru vikulegir jógatímar kenndir inni í sal. Eftir áramót fara börnin einu sinni í viku með rútu í Ásgarð þar sem íþróttakennslan fer fram. Hver hópur fær sundkennslu hálfan vetur en þá fara börnin vikulega með rútu í Mýrina.

Vikulegur kennslutími hvers nemanda í grunnskólanum verður að lágmarki 1200 mínútur á viku eða 240 mínútur á dag sbr. meðfylgjandi drög að kennsluskrá (stundaskrá) skólans. Það samsvarar 30 kennslustundum á viku sbr. ákvæði um 1.-4. bekk í 28. gr. laga um grunnskóla.

Skóladagur 6-9 ára barna (yngsta stig)

8:45 - 9:00 Morgunsöngur á sal
9:00 - 10:00 Kennsla/hópatími
10:00 -11:00 Ávaxtastund/val
11:00 -12:00 Kennsla/hópatími
12:00 -12:30 Hádegismatur
12:30 -14:15 Kennsla/hópatími
14:15 Skóladegi lýkur

Skóladagur 10-12 ára barna (miðstig)

8:30-10:00 Kennsla/hópatími
10:00-11:00 Ávaxtastund/námstengt og frjálst val
11:00-12:00 Kennsla/hópatími
12:00-12:30 Hádegismatur
12.30 - 13.00 Útivera
13:00-14:30 Kennsla/hópatími
14:30 Skóladegi lýkur

Hjallastefnan

Hjallastefnan er kærleiksmiðuð og skapandi lýðræðisstefna sem snýst um persónuþroska hvers barns.

Barnaskólinn í Garðabæ byggir sitt starf á Kynjanámskrá Hjallastefnunar, Meginreglum Hjallastefnunnar og Aðalnámskrá grunnskóla. Kynjanámskráin er birtingarmynd á hugsjónum Hjallastefnunnar um jafnrétti stúlkna og drengja. Í kynjaskiptu skólastarfi er markmiðið að gera báðum kynjum jafnhátt undir höfði og mæta ólíkum þörfum stúlkna og drengja. Jafnframt er markmiðið að gefa þeim kost á að starfa og leika á eigin forsendum þar sem menning beggja kynja er virt og viðurkennd. Þessu til viðbótar er gengið út frá þeirri kennisetningu Hjallastefnunnar að kynin öðlist takmarkaða færni og æfi of fáa eiginleika vegna heftandi kynhlutverka og kynjamótunar sem samfélagið ákvarðar á grundvelli kynferðis. Hjallastefnan mætir þessu með að þjálfva bæði kyn í öllum mennskum eiginleikum og eru loturnar okkar kennslutæki til þess.

Kynjanámskráin okkar er rauði þráðurinn í öllu okkar skólastarfi. Námskránni er skipt niður í sex lotur þar sem unnið er með ákveðin hugtök og orð sem tengjast hverri lotu. Við æfum bæði í orðræðu og verki hvernig við notum orðin í hvaða samhengi og við setjum upp aðstæður þar sem ákveðin þjálfun viðkomandi lotu er æfð. Lýðræðisfundir fara oft fram í kjölfar umræðna út frá lotunni og þar brýnum við fyrir börnunum okkar mikilvægi þess að allir séu virkir í öllu okkar starfi, umræðum og vinnu. Það að vera virkur í samfélagi bætir sjálfsmyndina og þá trú að við getum alltaf haft áhrif á það líf sem við kjósum að lifa með því að láta í ljós skoðanir okkar og vilja.


Meginreglur Hjallastefnunnar

Meginreglur Hjallastefnunnar eru sex talsins og eru settar upp í skýrri forgangs röð. Í þeim birtast hugsjónir okkar, bæði innri þættir eins og þau lífsgildi sem við starfsfólk sameinumst um; viðhorf, mannskilningur og lífssýn svo og ytri þættir eins og skipulag, starfshættir og aðferðir sem byggja á umræddum hugsjónum og einkenna Hjallastefnuskólana. Markmið meginreglnanna er að byggja upp jákvæða og kærleiksríka skólamenningu og einnig leggja af mörkum til grenndarsamfélags okkar þannig að við getum haft áhrif til góðs hvar sem við komum. Hlutverk meginreglnanna er að tryggja að skólaskipulag og starfsaðferðir séu í fullkomnum takti við hugsjónirnar, frá hinu stærsta til hins smæsta

Aðalnámskrá grunnskóla og kynjanámskrá Hjallastefnunnar

Hugmyndafræði Hjallastefnunnar á grunnskólastigi er í fullum samhljómi við lög um grunnskóla og Aðalnámskrá grunnskóla.

Hér að neðan má m.a. sjá hvernig grunnþættir Aðalnámskrár og kynjanámskrá Hjallastefnunnar ríma saman. Grundvallarhugtök beggja miða að því að þroski og velferð barna sé í fyrirrúmi í námi og kennslu



Við vinnum með sameiginlegan kjarna í sex lotum kynjanámskrárinnar og sex grunnþáttum Aðalnámskrár. Hér eru dæmi um markmið sem spretta af þessum sameiginlegu kjarnaþáttum.

Agj og Læsi

- Að börn læri að sýna virðingu, að einbeita sér og að fylgja fyrirmælum. Þau þjálfist í læsi á umhverfið og geti lesið og miðlað.

Sjálfstæði og sjálfbærni

- Að börn þjálfist í sjálfstæði. Þau læri að vera meðvituð um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar.

Samskipti, lýðræði og mannréttindi

- Að börn læri að sýna umburðarlyndi, hjálpsemi gagnrýna hugsun og víðsýni.

Jákvæðni og jafnrétti

- Að börn læri að tileinka sér jákvæðni, að sýna félagslega færni og þjálfist í að vera meðvitað um jafnrétti.

Vinátta, heilbrigði og velferð

- Að börn þjálfist í að bera virðingu fyrir sjálfum sér og læri að sýna öðrum samkennd og umhyggju.

Áræðni og sköpun

- Að börn þjálfist í að sýna frumkvæði, kraft, sköpun og að taka áskorunum.

Lotur kynjanámskrárinnar

Hér eru dæmi um æfingar og viðfangsefni sem tilheyra lotum kynjanámskrár Hjallastefnunnar.

1. Lota – Félagslegir eiginleikar. Agi; Virðing, hegðun, kurteisi, framkoma.

Hvers kyns fyrirmælaæfingar, kátar og líflegar. Þær má gera við allar aðstæður, í samverum, þrautabrautum, í útihlaupum, við upphaf og lok hópatíma og á valfundum. Umræða um orðin sem fylgja lotunni, hvað þau þýða og hvernig við notum þau í daglegu lífi. Þetta á við orðin í öllum lotunum sex.

2. Lota – Einstaklingseiginleikar. Sjálfstæði; sjálfstyrking, sjálfstraust, öryggi, tjáning.

Alls kyns framsögn, þau yngstu byrja á því einfalda, t.d. að standa upp og segja nafnið sitt. Eftir því sem þau eldast segja þau litlar sögur upp í það að kynna verkefni sem þau hafa verið að vinna. Beina athyglinni að einu og einu barni í einu og leyfa því að vera stjarna dagsins.

3. Lota – Félagslegir eiginleikar. Samskipti; umburðarlyndi, hjálpsemi, víðsýni, samstaða.

Hjálpa vinkonum sínum og vinum, æfingar eins og að leiða með lokuð augun sem reynir mikið á samvinnu og traust. Eiga eitthvert “leyndarmál” með hópnum sínum sem hefur góð áhrif á samkenndina, eiga saman leynistað eða leynilag.

4. Lota – Einstaklingseiginleikar. Jákvæðni; bjartsýni, gleði, ákveðni, hreinskipti.

Mikill söngur, dans og hreyfing. Nota jákvæð orð um sjálfan sig og aðra. Taka neikvæðar setningar og snúa þeim við yfir í jákvæðar. Brosa og hlæja mikið.

5. Lota – Félagslegir eiginleikar. Vinátta; félagsskapur, umhyggja, nálægð, kærleikur.

Aðstoða vinkonur og vini á ýmsan hátt. Búa til vinabönd og gefa, mála hvort annað með andlitslitum, nudda hendur og fætur með kremi, greiða hvort öðru.

6. Lota – Einstaklingseiginleikar. Áræðni; kjarkur, kraftur, virkni og frumkvæði.

Æfa kjarkinn sinn, hlaupa berfætt/ur í snjónum, öskra upp í vindinn, dansa berfætt/ur með hveiti eða kornflex á gólfinu, hoppa niður af einhverju.

Nemendur

Skólaárið 2023-2024 eru 161 nemendur skráðir í skólann, 76 stúlkur og 84 drengir. Nemendum er skipt í umsjónarhópa eftir aldri og kyni, þar sem hver hópur hefur sinn umsjónarkennara.

37 börn á 5 ára kjarna og 133 börn á grunnskólastigi, 72 stúlkur og 74 drengir.

Á 6 ára drengjakjarna eru 18 drengir og tveir kjarnakennarar, á 6 ára stúlnakjarna eru 13 stúlkur og einn kjarnakennari. Á 7 og 8 ára drengjakjörnum eru 24 drengir og tveir kjarnakennarar. Á 7 og 8 ára stúlnakjörnum eru 15 stúlkur og einn kjarnakennari. Á 9 ára kjarna eru 21 barn og þar eru tveir kjarnakennarar. Á 10 ára kjarna eru 15 börn og einn kjarnakennari og á 11 ára kjarna eru 18 börn og einn kjarnakennari.

Á 5 ára kjörnum og yngsta stigi eru tveir hópar í árgang sem eru kynjaskiptir. 7 og 8 ára börn eru í kynjaskiptri samkenndu. Á 9 ára kjarna og á miðstigi eru börnin í blönduðum hópum og er einn hópur í hvorum árgang. Sjá meðfylgjandi töflu:

Yfirlit yfir hópa, fjölda stúlkna, drengja og kjarnakennarar

Kjarni	Fæðingarár	Stúlkur	Drengir	Kjarnakennari
5 ára	2018	16	21	Sólrún Ólafsdóttir Sólveig H. Gunnarsdóttir Elísabet Gunnarsdóttir Fanný U. Traustadóttir Dýrleif Pálsdóttir
6 ára	2017	13	17	Helga Guðmundsdóttir Sæbjörg R. Guðmundsd. Ólöf Kristjánsdóttir
7 ára	2016	13	7	Anna Fríða Stefánsdóttir Laufey Helena Gísladóttir
8 ára	2015	2	17	Helga Kristín Hjarðardóttir

9 ára	2014	13	8	Sigríður Ósk Reynaldsd. Sara Jóhanna Jónsdóttir
10 ára	2013	8	7	Eva Lind Ingadóttir
11 ára	2012	12	6	Tinna Ingvarsdóttir

Kennsluhættir

Kennsluhættir Barnaskólans eru einstaklingsmiðaðir eins og kostur er. Markmiðið er að hafa ytra umhverfi þannig að hvert barn njóti sín á eigin forsendum og því bjóðist sá fjölbreytileiki sem æskilegt er að sé í námsumhverfi barna. Mikil áhersla er lögð á jákvæð samskipti, umburðarlyndi, nánd og vináttu samkvæmt námskrá Hjallastefnunnar. Góð tækifæri eru til að byggja þá þætti upp því kjarnarnir eru fremur litlir, oft 10-16 börn, og kennarar og annað starfsfólk vinnur markvisst með þessa þætti.

Áherslur á 5 ára kjarna

Leikskóladeildin, fimm ára kjarnarnir okkar, starfar skv. námskrá leikskóla og námskrá Hjallastefnunnar. Skýr áhersla er á að rækta sjálfstæði og sköpun og að formlegt nám hefjist smátt og smátt og mikið í gegnum leik og skapandi viðfangsefni. Börnin byrja á fimm ára kjörnum að læra stafi og tölur að hausti og lestrarnám hefst smá saman eftir forsendum hvers barns. Langflest börnin eru byrjuð að læra að lesa um miðjan vetur og yfirleitt eru þau farin að fara heim með lestrarhefti að vori, þ.e.a.s. áður en þau fara yfir á sex ára kjarna og hefja formlegt grunnskólanám. Listastarf er öflugt, tónlist kennd í lotum, íþróttir reglulega og sundnámskeið í smiðjuvikum.

Áherslur á 6 – 12 ára kjarna

Aðalnámskrá grunnskóla annars vegar og kynjanámskrá Hjallastefnunnar hins vegar móta inntak allrar kennslu, stundum eru viðfangsefni einkum byggð á annarri námskránni og stundum eru þær samofnar. Opinn efniviður er einkennandi en kennarar útfæra alla kennslu og búa til verkefni út frá viðurkenndum námsbókum og með námsmarkmið barna að leiðarljósi. Börn búa einnig til sínar eigin bækur. Mikið er unnið út frá hlutbundinni vinnu þar sem verkefni eru útfærð og ólíkar leiðir farnar í uppgötvunarnámi barna. Verkefnavinna fer oft fram í stöðvavinnu þar sem mismunandi verkefni liggja til grundvallar og börn fá viðfangsefni sem hæfa getur þeirra og áhuga. Þannig er reynt að mæta hverju barni þar sem það er statt og veita því tækifæri til að vinna sig í átt að námsmarkmiðum kjarnans. Byggt er á frumkvæði og sköpun hvers barns. Öll börn á miðstigi hafa sína eigin tölvu til afnota í skólanum og því fer stór hluti kennslunnar fram í gegnum þær. Nemendur læra að nýta sér upplýsingar og afla gagna til að vinna úr á skapandi og líflegan hátt.

Kynjablöndun

Alla daga vikunnar hittast stúlkur og drengir á sama aldri og æfa samskipti. Hluti af þeirri hugmynd að skipta börnum upp eftir kyni í skólastarfi er mikilvægi þess að vinna markvisst að öflugum samskiptum á milli kynjanna. Það gerum við með því að hittast á hverjum degi undir styrkri stjórn kennara og vinna verkefni sem taka mið af jákvæðum samskiptum milli stúlkna og drengja. Þessa stund köllum við blöndun.

Jákvæðni, heiðarleiki og virðing einkenna þessar stundir og eru þær ómissandi liður í okkar starfi. Stúlkur og drengir læra að bera virðingu hvort fyrir öðru með markvissum og skemmtilegum æfingum, stýrðum af kennurum. Verkefni eru alltaf þannig uppbyggð að bæði kynin upplifi sig jákvætt og hafi jafna möguleika til að vinna verkefni. Þau verkefni sem þykja hæfa öðru kyninu meira heldur en hinu eru ekki í boði. Í blöndun og hópatímum þar sem stúlkur og drengir starfa saman á kjörnum eru jafnrétti og jafnræði lykilhugtök. Stúlkur jafnt sem drengir hafa sama rétt hvort sem um ræðir í orðum eða athöfnum. Vinátta og jákvæð samskipti eru einkunnarorð blöndunar.

Leiðtogar

Í Barnaskólanum skiptast börnin í hverjum kjarna á að vera leiðtogar. Hlutverk leiðtogans er fyrst og fremst að vera góð fyrirmynd fyrir hina/r drengina/stúlkurnar.

- Eftir því sem leiðtoginn eflist og eldist getur hann/hún tekið þátt í að skipuleggja að einhverju leyti daginn með kennaranum eins og t.d. þegar á að velja óskaval og þætti í dagskipulaginu sem eru sveigjanlegir.
- Hún/hann getur fylgst með dagskipulaginu og látið vita þegar skipta á um stöðvar eða þegar komið er að ávaxtastund og vali o.p.h.
- Hún/hann getur stjórnað valfundi þegar kennari er kominn með góðan valfund og börnin alveg með á nótunum hvernig hann eigi að fara fram.
- Leiðtoginn getur hugsanlega tekið þátt í að leiða lýðræðisfundi með kennaranum þar sem farið er yfir samskiptin á kjarnanum og komið með ábendingar um lausnir ef upp koma minniháttar samskiptavandamál.
- Hún/hann getur líka komið með góðar hugmyndir að verkefni og hvernig eigi að framkvæma þær þannig að hann/hún læri að fá fólk með sér í framkvæmd og úrlausn á hugmyndavinnu. Gott er að gera leiðtogaæfingar og fara t.d. í ferðir þar sem leiðtoginn leiðir hópinn í gegnum einhvers konar óvissu.

Leiðtoginn er hins vegar ekki aðstoðarkennari og á ekki að gefa vinum og vinkonum fyrirmæli eða vera með athugasemdir varðandi hegðun þeirra. Hann/hún hefur ekki vald til að bjóða vinum/vinkonum að "gjöra svo vel" eða að fara í röð eða gefa annars konar fyrirmæli eftir því hvernig börnin hegða sér eða hvort hin börnin eru vel „kjörnuð“. Markmið með leiðtoganum er að gera börnin sjálfstæð, nota gagnrýna hugsun, efla þau félagslega og persónulega og styrkja þau í skapandi hugsun. Þau fá að taka þátt í að móta starfið, koma með ábendingar og stinga upp á verkefnum. Þau eru spurð að því hvernig best sé að framkvæma hugmyndina og verða þau að koma með úrlausn. Svo þurfa þau að fá vini sína og vinkonur með sér í verkefnið.

Heimaám

Í Barnaskólanum miðast heimanám eingöngu við þjálfun í lestri. Fáein verkefni þar sem foreldrar taka þátt eru einnig unnin heima að hluta. Það er mat skólans að heimanám sé ástæðulaust að öðru leyti þar sem börn þurfa tíma til að leika sér og hvílast þegar skóladegi og tómskundastarfi sleppir.

Námsvísar – kennsluáætlanir

[Námsskrár og kennsluáætlanir](#) er að finna á heimasíðu skólans.

Stoðþjónusta og nemendavernd

Sérkennsla

Í grunnskólalögum er kveðið á um að skólinn skuli haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir hvers nemanda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Samkvæmt lögum eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi í grunnskólum og sveitarfélögum er skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi kennslu.

Í Barnaskólanum er leitast við að finna leiðir til að mæta þessu hlutverki á sem bestan hátt og gera námið sem skilvirkast. Sama sérfræðiþjónusta er fyrir öll börn í skólanum. Námsver er við skólann, sálfræðingur starfar með okkur og sálfræðimenntaður starfsmaður og þroskaþjálfari sinna reglubundinni atferlisþjálfun, sem nýtist vel varðandi samskipti, aga og námsframvindu.

Helstu markmið sérkennslu eru:

- *að styrkja sjálfsmynd nemenda*
- *að nemendur fái kennslu í samræmi við þroska og getu*
- *að styrkja nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum*
- *að treysta samskipti við foreldra sem best.*

Námsver

Börn á aldrinum 6-12 ára fá stuðning og sérkennslu samkvæmt greiningum sérfræðinga eða greinandi skimunarprófum en einnig vegna ábendinga ýmissa aðila svo sem kennara, talmeinafræðings og eða foreldra. Helstu markmið sérkennslu í námsveri eru að styrkja sjálfsmynd barna, að þau fái kennslu í samræmi við þroska og getu og að styrkja börn í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Sturla D. Þorsteinsson er kennari í námsveri en hann annast einnig stuðningskennslu við litla hópa á kjörnum.

Í félags- og samskiptaþjálfun starfa tvær manneskjur, þær Sigrún Lilja Jóhannesdóttir Færseth sem er sálfræðimenntuð og sinnir jafnframt hlutverki sérkennslustýru í skólanum og María Katrín Auðardóttir sem einnig er sálfræðimenntuð. Þá er Lizceth Isabel Zapata einnig til aðstoðar við börn sem þurfa á sérkennslu að halda en hún er menntaður sérkennari. Þær eru jafnt inn á kjörnum sem í einstaklingþjálfun í sérkennsluveri.

Sálfræðiþjónusta

Haustið 2022 urðu breytingar á sérfræðiþjónustu Barnaskólans og Garðabæjar. Þá fékk skólinn aðgang að sérfræðingum skólaþjónustu Garðabæjar, sem breytir öllu fyrir börn í skólanum og fjölskyldur þeirra. Þar með gefst fjölskyldum sem velja Barnaskólann að ganga að sömu kjörum og þær fjölskyldur sem velja aðra skóla, innan Garðabæjar. Þessu fögnum við og bindum vonir við gott og farsælt samstarf. Hlutverk skólaþjónustunnar er að sinna sálfræðilegri greiningu og ráðgjöf vegna þeirra barna sem eiga við námsvanda eða vanlíðan að stríða. Sálfræðingur veitir ráðgjöf til foreldra og forráðamanna og starfsmanna skóla vegna náms – og

tilfinningavanda nemanda en veitir ekki meðferð. Bæði starfsmenn skólans og foreldrar geta óskað aðstoðar hans og skal það gert á sérstökum eyðublöðum. Skólasálfræðingur greinir foreldrum frá niðurstöðum sínum um þær greiningar sem gerðar eru á fundi með kjarnakennara og stjórnanda skóla.

Námsráðgjöf

Starfsfólk í stoðþjónustu og stjórnendur sinna námsráðgjöf.

Tengiliðir farsældar

Innan skólans eru tveir tengiliðir, Edda Rósa Gunnarsdóttir frístundastýra og Sigrún Lilja Færseth sérkennslustýra. Með tilkomu Farsældalaganna ber hverjum skóla að tilnefna 1 - 2 tengiliði sem eru aðgengilegir í nærumhverfi barna.

Talkennsla

Talmeinafræðingur kemur í skólann eftir samkomulagi. Hann metur málþroska og eða framburð nemenda og fylgir eftir þar sem það á við. Hann skilar niðurstöðum til skólans og foreldra og veitir ráðgjöf á grundvelli niðurstaðna bæði til kennara og foreldra. Ef tilefni er til þá vísar talmeinafræðingur nemanda áfram í talþjálfun.

Túlkapjónusta

Túlkapjónusta er sótt til Alþjóðahúss þegar á þarf að halda.

Nemendaverndarráð

Samkvæmt grunnskólalögum nr. 66/1995 er starfrækt nemendaverndarráð í skólanum. Það starfar samkvæmt reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum.

Í nemendaverndarráði eiga sæti skólastýra, hjúkrunarfræðingur, kennari í námsveri og sérkennslustýra. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi sérkennslu, heilsugæslu og aðra sérfræðiþjónustu. Nemendaverndarráði er ætlað að vera skólastjórnendum til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur skv. reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum. Einnig er hlutverk nemendaverndarráðs að starfa að velferðarmálum barna og hafa yfirumsjón með skipulagi og framkvæmd sérkennslu í skólanum.

Fundir eru haldnir einu sinni í mánuði. Starfsmenn skólans geta óskað eftir fundi í nemendaverndarráði um sérstök málefni með því að fylla út beiðni. Umsjónarkennari getur óskað eftir umfjöllun nemendaverndarráðs um umsjónarnemanda sinn og skal kennarinn gera foreldrum viðvart um umfjöllunina fyrir fundinn. Leitast er við að taka málefni fyrir eins skjótt og hægt er eftir að beiðni berst. Nemendaverndarráð skráir stöðu málsins, fjallar um það faglega, leggur fram tillögur og fylgist með framvindu mála. Ráðið getur kallað á sinn fund þá aðila innan skólans og utan sem það telur að geti upplýst sig um ákveðin málefni. Full trúnaðarskylda fundarmanna gildir á öllum fundum nemendaverndarráðs.

Skólaheilsugæsla

Heilsugæslan er fyrir hendi skv. 41. Gr. Grunnskólalaga og er á vegum Heilsugæslu Garðabæjar. Skólahjúkrunarfræðingur er ekki með fasta viðveru í skólanum en sinnir forvarnarvinnu með nemendum og reglulegu eftirliti.

Meginmarkmið skólaheilsugæslunnar er að börnin fái að vaxa, þroskast og stunda nám sitt við bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á í samræmi við bestu þekkingu.

Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í náinni samvinnu við foreldra/ forráðmenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem veita skólabarninu þjónustu. Starfsfólk heilsugæslunnar er bundið þagnarskyldu.

Ef barn veikist í skólanum eða meiðist alvarlega er haft samband við forráðamenn. Því er nauðsynlegt að skólinn hafi símanúmer foreldra/forráðamanna.

Fjölskyldur

Þegar kemur að fjölskyldum starfar Barnaskólinn eftir fyrstu meginreglu Hjallastefnunnar:

Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á viðfeðman hátt að velgengni allra.

Gott foreldra- og fjölskyldusamstarf er fyrir hendi í Barnaskólanum. Lögð er rík áhersla á samvinnu foreldra og fjölskyldur hvers barns til að skapa traust í á milli heimili og skóla. Á hverju ári fer fram viðhorfskönnun á meðal foreldra til að fá álit þeirra á starfi skólans og til að leita eftir tillögum til úrbóta. Stundum eru gerðar kannanir um viðhorf í einstaka málum. Tengslin við alla foreldra eru mikil alla jafna og fá foreldrar t.d föstudagspóst vikulega um helstu þætti í skólastarfinu. Samtöl eru tíð að morgni eða síðdegis og við hringjum óhikað ef eitthvað er. Hefðbundin viðtöl við foreldra og þátttaka í viðburðum eru í sama farveg hjá öllum fjölskyldum skólans.

Miðlun upplýsinga til foreldra

Það er virk upplýsingagjöf á milli foreldra og starfsfólks skólans og auðveldar boðleiðir. Kjarnakennarar senda föstudagspóst og vikuáætlanir þar sem farið er yfir vikuna og fjallað um markmið og viðfangsefni sem á döfinni eru. Foreldrar og kennarar skrifast einnig á og tala saman í síma þegar þurfa þykir því opin og einlæg samskipti eru mikilvæg barnanna vegna. Á heimasíðu skólans koma fréttir og aðrar upplýsingar um skólastarfið. Foreldrar fá upplýsingar um námsmat í gegnum Mentor. Reglulega eru settar fréttir á heimasíðu skólans.

Á hverju ári eru foreldramorgnar og opið hús en þá mæta fjölskyldumeðlimir sem tók hafa á með börnum sínum, kynnast náminu og fá sér morgunhressingu ásamt kjarnavinum og fjölskyldum þeirra. Auk þess eru foreldrar boðnir á tónleika þegar tveggja vikna tónlistarsmiðjum hjá þeirra börnum lýkur.

Fjölskyldusamtalsdagur

Einu sinni á hvorri önn, október og febrúar eru fjölskyldusamtalsdagar. Þá koma foreldrar/forráðamenn sem og börnin sjálf hitta á sinn kjarnakennara, ræða um líðan, félagsleg tengsl, markmið í námi og stöðu.

Foreldrafélag

Markmið félagsins er að efla samstarf heimila og skólans þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf með menntun, heill og hamingju nemenda að leiðarljósi. Einnig það að vera samstarfsvettvangur foreldra sem uppalenda. Félagið skipuleggur ýmsar skemmtanir, vorhátíð og fræðslufundi fyrir foreldra.

Stjórnina skipa fulltrúar foreldra valdir úr röðum bekkjarfulltrúa eða sjálfboðaliða og skiptir stjórnin með sér verkum. Aðalfundur félagsins er haldinn í september ár hvert með hefðbundinni aðalfundardagskrá. Starfsáætlun og fundargerðir foreldrafélagsins er að finna á: <http://bskgbr.hjalli.is/Foreldrar/foreldrafelag>

Skólaárið 2023-2024 skipa eftirtaldir stjórn foreldrafélagsins:

Formaður: Hjördís Arnardóttir

Gjaldkeri: Sigríður Hyldahl Björnsdóttir

Skólaráð: Bryndís Hrönn Gunnarsdóttir og Sigríður Björnsdóttir

Grunnstöð: Sigríður Hyldahl Björnsdóttir og Þóra Ásgeirsdóttir

Meðstjórnendur: Sigríður Björnsdóttir, Hrafnhildur A. Jónsdóttir, Lena María Árnadóttir, Anna Rós Sigurðardóttir, Birna Margrét Olgeirsdóttir, Sigrún Rut Hjálmarsdóttir, Ólafur Eggerts Ólafsson, Ásta Guðrún Óskarsdóttir.

Kjarnakvöld

Haldin verða tvö kjarnakvöld í vetur, fyrir og eftir áramót. Kjarnakvöld eru samstarfsverkefni heimilis og skóla og sjá foreldrar um skipulagningu með aðstoð kjarnakennara. Þá koma börnin ásamt foreldrum sínum og eiga góða stund með kennurum að skóladegi loknum. Lagt er upp úr því að kjarnakvöldin séu þannig uppbyggð að þau kosti sem minnst og tilgangurinn sé að börn, foreldrar og kennari eigi notalega stund saman sem styrkir enn frekari bönd fyrir hópinn í heild.

Afmælis dagar

Þegar barn á afmæli er því fangað líkt og venjulega við komu sína í skólann. Afmælisbarn dagsins fær að fara á sólina í miðju valfundarkróks/mottu og sungin er afmælissöngur Hjallastefnunnar ásamt því að fá veglegt faðmlag frá vinum og kennurum. Ef barn eða börn hafa átt afmæli í mánuðinum er bakað síðasta föstudag þann mánuðinn fyrir þau börn. Þá fá börnin tækifæri til að baka sjálf, undir leiðsögn kennara. Ef afmælisbarn býður vinkonum sínum eða vinum í afmælisboð á skólatíma er afar mikilvægt að öllum hópnum sé boðið en ekki einstaka barni eða börnum. Skólinn hefur boðið upp á að foreldrar geti haldið afmælisveislu í skólanum og hafa foreldrar því oft sameinast um veislu hjá þeim börnum sem eiga afmæli á svipuðum tíma.

Mat á skólastarfi og skólaþróun

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólafirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Í lögum nr. 91/2008 um grunnskóla, 10. kafla Aðalnámskrár grunnskóla og skólastefnu Garðabæjar frá 2010 er að finna ákvæði um mat á skólastarfi. Markmið mats og eftirlits er einkum þríþætt. Í fyrsta lagi að fylgast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og Aðalnámskrá. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Innra mat skólans

Í gildandi lögum um grunnskóla er að finna ákvæði um mat á skólastarfi. Þar er megináhersla lögð á sjálfsmat skóla en jafnframt ber menntamálaráðuneytinu að sjá til þess að fram fari ytra mat á starfsemi einstaka skóla eða á einstökum þáttum skólastarfs og jafnframt að úttekt sé gerð á sjálfsmatsaðferðum skóla.

Eins og gert var síðasta skólaár verður Skólapúlsinn lagður fyrir fjölskyldur og starfsfólk um fjölmarga þætti er lúta að skólastarfinu. Reglulega eru kannanir gerðar meðal barna og kennara um hina ýmsu þætti.

Ytra mat skólans

Ytra mat er á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis og eftir atvikum sveitarfélaga sem bera ábyrgð á rekstri skóla. Matið skal byggjast á fjölbreyttum gögnum og upplýsingum s.s. niðurstöðum innra mats og öðrum skriflegum gögnum frá skólum, heimsóknum í skóla og viðtölum eftir því sem við á og athugun á kennslu.

Símenntunaráætlun

Símenntun starfsfólks má skipta í tvo meginþætti: Þætti sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þætti sem starfsfólk metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig. Skólastýra ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu á grundvelli sjálfsmats skóla. Starfsfólki ber að gera skólastýru grein fyrir þeim þáttum í sí- og endurmenntun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun skóla, enda séu þau starfsfólki að kostnaðarlausu.

Endurmenntun kennara/ starfsfólks mótast af hugmyndafræði og stefnu skólans. Endurmenntun fer fram með óformlegum og formlegum hætti í mismunandi útfærslum. Reglulegir fundir kennara og starfsfólks, árgangafundir sem skólastýra situr, sjálfsnám kennara stuðla að starfsþróun og vexti. Námskeið eru haldin reglulega, námskeið á skipulags eða undirbúningsdögum og starfsfólk leggur inn

beiðni um þátttöku í þeim námskeiðum sem það heldur að gagnist þeim í starfi. Áhugi og virkni hvers starfsmanns skiptir þar miklu máli. Skólastýra er jákvæð fyrir endurmenntun starfsfólks ef fólk óskar eftir að stunda fjarnám með vinnu. Í Barnaskólanum í Garðabæ er regluleg endurmenntun. Starfsfólk skólans mætti 15. ágúst 2023 til starfa þar sem það hóf undirbúning að kennslu fyrir komandi vetur. Starfsmannafundir, kjarnafundir, árganga- og samráðsfundir voru skipulagðir ásamt annarri undirbúningsvinnu.

Fræðsluerindi á skipulagsdögum í ágúst voru eftirfarandi:

Fyrirlestur frá Bóasi Hallgrímssyni framkvæmdastjóra um hjallískt skólastarf í grunnskólum með umræðuhópum.

Fyrirlestur um lestur og lestrarkennslu frá Auði Björgvinsdóttur doktorsnema HÍ.

Ekko fræðsla frá Auðnast um einelti, kynferðisofbeldi, kynferðislega áreitni og ofbeldi á vinnustað.

Fyrirlestur frá KVAN með Önnu Steinsen um samskipti, leiðtoga og umburðarlyndi.

Hljóðaaðferð í lestrarkennslu er notuð í Barnaskólanum og sækja kennarar námskeið í henni. Grunnnámskeið er fyrir kennara yngstu barnanna og framhaldsnámskeið fyrir kennara eldri barna. Kennarar í Barnaskólanum hafa lokið grunn- og framhaldsnámskeiði í Numicon. Numicon eru stærðfræðigögn og námsefni sem byggð eru á hugmyndum Montessori, Stern og Cuisenaire. Þau hafa verið þróuð af háskólaprófessorum í Bretlandi. Barnaskólar Hjallastefnunnar hafa unnið með þetta verkefni og innleitt í stærðfræðikennslu. Hjallastefnunámskeið og ráðstefnur eru reglulegur hluti af endurmenntun kennara. Í upphafi haustannar fara kennarar á námskeið og fyrirlestra auk þess sem nýir kennarar fara á nýliðanámskeið.

Fyrirhuguð sameiginleg námskeið starfsfólks eru eftirfarandi:

- Þjálfunaráætlun Hjallastefnunnar; 9 vikna þjálfunaráætlun sem kennd er í gegnum Google Classroom en þar er Handbók Hjallastefnunnar brotin upp í smærri einingar til að lesa og tileinka sér, allt starfsfólk skólans tekur þátt
- Kynja og uppbótavinna fyrir starfsfólk skólans
- Skapandi kennsluhættir
- Þróun læsis og lestraráherslur “lesfimi og hvað svo “ vinna út frá fyrirletri Auðar á haustdögum skólans
- Hjallastefnuráðstefna; “við erum Hjallastefnan” ólík nálgun í skólamálum
- Heimsókn í Stapaskóla þar sem megineinkenni skólans er sveigjanleiki í kennsluháttum, tækni og teymiskennslu.
- Áframhaldandi þróun miðstigskenndu, námsskrárvinna og kennsluhættir í anda Hjallastefnunnar
- Skerpa á og auka við foreldrasamstarf í samstarfi við Eddu Rósu Gunnarsdóttur nema í foreldrafræðslu HÍ

Skólaþróun

Skólaárið 2023-2024 verða eftirfarandi verkefni í öndvegi:

Hreyfi og hreysti smiðja á 5 ára kjörnum

Í vetur munum við bjóða upp á sund- og íþróttasmiðjur fyrir 5 ára börnin okkar en þá fá börnin að kynnst því að fara í sund á skólatíma, æfa sundtökin undir stjórn íþróttakennara skólans henni Tönju. Þau fá að kynnst sundklefanum og læra hvernig þessu er háttað áður en 6 ára skólasunds skyldan tekur við.

Alla mánudaga í opnum vikum í vetur, sem telja 6 skipti, fá þau sundtíma í Sjálandssundlaug þar sem íþróttakennarinn stýrir kennslu, einn kjarna kennari er ofan í lauginni og annar á bakka. Við teljum þetta vera kjöraðstæður til að kynnst skólasund menningu og hlökkum til að geta boðið upp á þessa nýbreytni.

Þessu mun fylgja eftirvænting og spenna þar sem börnin þurfa að taka skólabíl héðan frá skólanum og niður í Sjálandsskóla.

Í þessari sömu smiðjuviku fá börnin einnig að fara í Miðgarð í íþróttir undir stjórn Tönju en þangað munu þau ganga ásamt sínum kennara. Smiðju vikur verða því sannkallaðar hreyfi- og hreystivikur á 5 ára kjörnum í vetur.

Brautir fyrir miðstigsbörn

Brautir er spennandi verkefni þar sem börnum á miðstigi gefst kostur á að velja sér og kynnst betur námsgreinum á borð við leiklist, heimilisfræði, jóga og myndlist. Öll börn fara á allar brautir og ef vel gengur verður fleiri brautum bætt við eftir áramót eða annars konar viðfangsefnum innan brauta.

Ræktun og sjálfbærni

Börn og kennarar í Barnaskólanum hafa síðastliðin ár tekið þátt í ræktunarbyltingunni. Skólinn hefur nú eignast sitt eigið gróðurhús og erum við komin af stað með okkar eigin ræktun. Með þessu erum við að kenna börnum sjálfbærni og markmiðið er að verða sjálfbær með okkar eigin grænmeti þegar fram líða stundir.

Mikill áhugi var á ræktun í vor og vonumst við til að geta haldið áfram og ýtt enn frekar undir áhuga og fest ræktun og sjálfbærni í sessi innan skólans.

Skapandi skrif

Í vetur munu miðstigsbörn fara í heimsókn á Bókasamlagið í Skipholti og hitta þar Kristlaugu Maríu Sigurðardóttur rithöfund. Hún mun sinna kennslu í skapandi skrifum og kynna ólík frásagnarform, persónusköpun og söguaðferðir.

Kristlaug María er þekktust sem Kikka höfundur Ávaxtakörfunnar og fleiri bóka. Hún er einnig kennari og eigandi Bókasamlagsins.

Verkefnið er unnið til að auka áhuga á ritlistinni og nálgast viðfangsefnið á skapandi hátt.

Jóga

Kennarar og börn allra árganga fara í jógatíma í vetur undir handleiðslu jógakennarans Önnu Margrétar. Í tímunum er farið í grunnþætti jógaiðkunar fyrir börn; öndun, hugleiðsla og hreyfingar. Tilgangur þess að bjóða kennurum barna með hópnum er sá að gefa kennurum einnig innsýn í jógaiðkun með börnum og gefa hugmyndir að einföldum aðferðum og æfingum sem hægt er að nýta í kennslustundum. Þær er hægt að nýta til að brjóta upp dagsskipulagið og viðhalda því sem hefur verið kennt.

Teymiskennsla

Í vetur munu við halda áfram að vinna í teymiskennslu þar sem áhersla verður á samkenndu tveggja árganga.

Í skólum sem viðhafa teymiskennslu er skólaþróun öflugri og fagleg umræða meiri en annars staðar og það ætlum við að nýta okkur. Kennarar deila ábyrgð á börnunum og sveigjanleiki í hópaskipan verður meiri.

Tengsl leikskóla inn í grunnskóla

Verkefnið “hjarta til hjarta” er tengslaverkefni sem unnið er á 5 ára kjarna í samstarfi við vina leikskólana okkar. Vinaleikskólarnir okkar eru leikskólinn Hnoðraholt, Ásar og Litlu Ásar.

Fyrsta heimsókn er frá einum leikskóla í einu sem svo endar á stórrí heimsókn allra leikskólanna þriggja að vori.

Í fyrstu heimsókn sjá börnin umhverfið kynnast því og eins kennurum á 5 ára kjarna, þau taka einnig þátt í vali þennan dag. Tímalengd heimsóknarinnar er um það bil 2 tímar. Næsta heimsókn koma börnin með ljósmyndir af sér með í skólann en ljósmyndirnar eru hengdar upp á vindahjarta sem tengir öll börnin saman. Eldri börnin aðstoða gestina við að koma ljósmyndunum fyrir á rétum stað. Tímalengdin er um það bil 2,5 tímar. Þriðja heimsókn er unnið dýpra með einstaklinginn þar sem leikskólakennararnir eru búnir að skrifa niður ásamt börnunum sjálfum það sem einkennir hvern og einn, hver er ég, hvað er ég góður í – kynning.

Síðan var hönd, ljósmynd og upplýsingar um leikskóla og hver ég er sett á litað A4 pappír, sem er svo sett í risastórt hjarta sem hafði verið gert á maskínupappír (gestir gerðu og myndskreyttu).

Eldri drengir gerðu þetta einnig og þeirra verkefni var umhverfis hjartað (fyrirmyndir og stuðningur). Eftir þessa vinnu vetrarins vorum við öll saman (blöndun) fjórir skólar og framkölluðum eldgos á ævintýralandinu okkar og hlustuðum á Þúsaldarljóð / Eldur (Lag: Tryggvi M. Baldvinsson Ljóð: Sveinbjörn I. Baldvinsson)
<https://www.youtube.com/watch?v=xQZOxeG0pqU>

Garðabær 29.september 2023

Lovísa Lind Sigurjónsdóttir og Anna Margrét Ólafsdóttir